



KAYAKKLÚBBURINN

FRÉTTABRÉF TVÖÞÚSUND OG SEX



Kæru félagar

Nú er hafið 26. starfsár Kayakklúbbsins. Eftir 25 ár stendur klúbburinn mjög sterkum fótum. Mikill vöxtur hefur verið í sportinu undanfarin ár. Félögum í klúbbum hefur fjölgað



mikið og ástundun þeirra hefur breyst og aukist. Þáttaka í klúbbferðum og félagsróðrum hefur verið afburðagóð. Sjókayakfólk

halds. Námskeiðið, sem fékkst styrkt, verður sumarnámskeið fyrir börn í unglingadeildum grunnskóla. Það verður haldið í samstarfi við nokkra góða aðila í útivistargeiranum og mun miða að því að börnin fái að upplifa og prófa ýmsar íþróttir, s.s. kayakróður, klettaklifur, rafting og fleira. Þetta er nýtt og spennandi verkefni fyrir klúbbinn að vinna í og vonum við að þetta kveiki áhuga hjá þessum börnum á kayakróðri, útivist og náttúru Íslands.

Kayakklúbburinn hefur svo gefið út dagskrá sumarsins, sem

Pistill formanns

kayakferðir erlendis.

Þáttaskil urðu í stjórnslu klúbbsins í byrjun árs þegar Þorsteinn Guðmundsson hætti sem formaður klúbbsins og nýr og sprækur formaður tók við. Þessi skipti munu líklega hafa lítil áhrif á starf klúbbsins, áherslan verður áfram lögð á útiveruna, ferðalögin og ævintýrin sem þessu fylgja.

Klúbburinn hefur fengið styrk til búnaðarkaupa og námskeiða-

er sneisafull af spennandi ferðum. Helstu ferðir sumarsins eru óneitanlega: Vorróðrarnir 6. maí með tilheyrandi grillveislu um kvöldið, Sjókayakmót Eiríks-Rauða 2.-5. júní, sameiginleg ferð stau- og sókayakfólks á Akureyri helgina 9.-11. júní, fjölskylduferðin í Galtalæk helgina 7.-9. júlí, ferðin í eyjar undan Klofningi á Fellaströnd 11.-13. ágúst og Útilífveruna á Ísafirði 13.-16. júlí. En dagskráin er fullpökkuð af ferðum og keppnum og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

Í lokin vil ég svo óska öllum góðrar skemmtunar á komandi sumri.

Jón Skírniir Ágústsson



Fréttabréf Kayakklúbbsins 2006 - Afmælisútgáfa

Umsjón: Ritnefnd Kayakklúbbsins

Þorsteinn Guðmundsson

Snorri Gunnarsson

Rúnar Pálmason

Óskar Guðjónsson

Páll Gestsson

Ábyrgðarmaður: Þorsteinn Guðmundsson

Hönnun, myndvinnsla og umbrot: Snorri Gunnarsson

Ritstjórn og almenn skrif: Rúnar Pálmason

Myndir: Snorri Gunnarsson, Ari Benediktsson, Jón Skírniir Ágústsson, Guðmundur J., Haraldur Njálsson, Þorsteinn Guðmundsson, Sævar Helgason, Rúnar Pálmason og fleiri.

Forsíðumynd: Ari Benediktsson og Jón Skírniir Ágústsson

Stjórn Kayakklúbbsins

Formaður: Jón Skírnir Ágústsson, jsa@ieee.org

Varaformaður: Haraldur Njálsson, haranja@centrum.is

Gjaldkeri: Guðmundur Breiðdal, gbb@itn.is

Ritari: Páll Gestsson, pall.gestsson@decode.is

Meðstjórnandi: Sæþór Ólafsson, saethor@fa.is

Meðstjórnandi: Jóhann Geir Hjartarson

Formenn nefnda:

Kayakgeymslur

Félagsmenn geta leigt geymslupláss fyrir kayaka sína í Geldinganesi og í Nauthólsvík. Geymslugjald er 7.000 krónur á ári og einnig er greitt 1.500 króna tryggingagjald fyrir lykla sem er endurgreitt við skil. Geymsla í Hvammsvík kostar 3.500 krónur á ári.

Félagsgjöld

Einstaklingsgjald er 4.500 krónur á ári. Fjölskyldugjald er 6.000

Um klúbbinn

Ferðanefnd: Reynir Tómas Geirsson, reynirg@landspitali.is
Húsnæðisnefnd: Þorsteinn Guðmundsson, kayak@islandia.is
Keppnisnefnd: Bragi Þorsteinsson, sjohundur@visir.is
Ritnefnd: Þorsteinn Guðmundsson, kayak@islandia.is
Skemmtinefnd: Bragi Þorsteinsson, sjohundur@visir.is
Sundlaugarnefnd: Bragi Þorsteinsson, sjohundur@visir.is
Unglinga- og fræðslunefnd: Sæþór Ólafsson, saethor@fa.is

Um klúbbinn

Kayakklúbburinn í Reykjavík var stofnaður í febrúar 1981 og varð því 25 ára á þessu ári. Starf klúbbsins er hið fjölbreytilegasta, m.a. stendur klúbburinn fyrir keppnum, æfingum, fræðslufundum, barna- og unglingastarfi og skipuleggur auk þess fjölda ferða, jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Þá gætir klúbburinn hagsmuna kayakmanna í samskiptum þeirra við landeigendur og yfirvöld. Félagar í klúbbnum voru í byrjun árs 345, þar af bættust 87 við á árinu 2005. Kayakklúbburinn er m.a. aðili að Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Siglingasambandi Íslands.

Félagsróðrar

Í september og fram í maí hittast sjókayakmenn og konur í Geldinganesi kl. 9:30 og leggja af stað í félagsróður kl. 10. Yfirleitt tekur róðurinn 2½ til þrjár klukkustundir. Á sumrin, frá maí og fram í byrjun september, er lagt af stað í félagsróður kl. 19:30 á fimmtudagskvöldum.

krónur (fyrir hjón/sambúðarfólk og börn þeirra yngri en 18 ára). Unglingagjald er 3.000 krónur en samkvæmt ákvörðun stjórnar er unglingagjaldið greitt af klúbbnum og því er í raun gjaldfrjálst fyrir börn og unglinga að ganga í klúbbinn.

Íslandsmeistarakeppni

Kayakmenn keppa um Íslandsmeistaratitla, annars vegar í flokki sjókayaka og hins vegar í flokki straumvatnskayaka. Í báðum flokkum er keppt í karla- og kvennaflokki. Vinnur sá sem hlýtur flest stig í þremur mótum.

Heimasíða

Heimasíða Kayakklúbbsins er www.kayakklubburinn.is og eru þar birtar fréttir um starf klúbbsins, æfinga- og ferðadagsskrá og nánari upplýsingar um ýmislegt sem lýtur að starfi klúbbsins. Einnig er þar sölusíða, spjallsíða o.fl.

Sundlaugaræfingar

Á veturna eru haldnar sundlaugaræfingar í innlauginni í Laugardal. Æfingarnar eru ókeypis fyrir klúbbfélaga en aðrir þurfa að greiða 500 krónur fyrir hverja æfingu. Nánari upplýsingar á heimasíðu klúbbsins.

Bátar í eigu klúbbsins

Klúbburinn á 3 sjókayaka (þar af einn 2ja manna) og tilheyrandi árar, stakka og björgunarvesti. Bátarnir eru geymdir í Geldinganesi og eru klúbbfélögum til afnota.



Sævar Helgason hefur landað hundruðum kílóa af þorski og ýsu frá því hann hóf fiskveiðar á kayak síðla árs 2002. Hann rær á sérútbúnum kayak, þekkir flest bestu miðin á sundunum og býr auk þess yfir leynivopni sem reiknar út hvenær líkur eru á gjæftum eða gjæftaleysi. Sævar veitti Fréttabréfinu einkaviðtal:

“Ég prófaði fyrst að veiða á kayaknum árið 2002 og fékk fljótlega ýsu á stöngina. Ég fann þá að það gat verið óþægilegt að

Ekki veitir af kaffinu því túrarnir geta varað í allt að 4-5 klukkustundir.

Veiðir fram á jólaföstu

Bestu miðin, a.m.k. fyrir kayakmenn, eru fyrir norðan Geldinganes og fyrir norðan Viðey. Á sjókortinu sem hangir uppi í kaffistofunni í Geldinganesinu eru þessi svæði merkt með ljósbláum lit en liturinn segir til um hversu djúpur sjórinn er.

Einkaviðtal við Sævar Helgason Kayakmann og aflkló

þurfa að hugsa mikið um að halda jafnvægi á bátnum um leið og maður dró inn fiskinn. Ég teiknaði þess vegna flotholt á bátinn og fékk kunningja minn til að smíða þau fyrir mig. Efnið er ryðfrítt stál og ósköp venjuleg flotholt eins og fást í Ellingsen. Þetta er í raun og veru mjög einföld smíð og maður sem kann til verka og hefur réttu tækin ætti að geta smíðað þau fyrir lítið fé. Ég giska á að slíkt myndi kosta 10-15.000 krónur, þetta er þó án ábyrgðar.

Áður en ég legg af stað festi ég flotholtin á bátinn með örfáum handtökum. Flotholtin hafa ekki nokkur áhrif á sjóhæfni kayaksins, hann verður einfaldlega stöðugri í hliðaröldu og

Að sjálfsgöðu veit Sævar hvar von er á þorski og hvar er líklegra að maður dragi ýsu.

“Það fer nú bara eftir því hvað mig vantar, hvort bítur á. Ég veit nokkurn veginn hvar ýsan heldur sig og hvar þorskurinn er helst. Ef konan er orðin leið á þorski og vill frekar fá ýsu þá fer ég einfaldlega á ýsumiðin. Ýsumiðin eru mjög góð fyrir norðan Geldinganes en þorskurinn er oft innar, hann er oft á meiri grynningum, það er nú svo skrítið með hann.” Veiðarnar stundar Sævar alveg fram á jólaföstu en eftir það er fátt um fína drætti fyrr en í apríl, þá er hægt að byrja veiðar aftur, fyrst kemur þorskurinn en síðan ýsan.

Einn sá stærsti fiskur sem hefur bitið á var um eins metra langur þorskur og var glíman við hann eftirminnileg. “Hann beit á og ég fann að ég varð að fara með stöngina í langlínu bátsins til að stefna jafnvæginu ekki í tvísýnu. Þegar þorskurinn var að koma upp að yfirborðinu gekk báturinn hreinlega til og meðan mestu lætin voru stampaði báturinn fram og aftur. Þetta tók reyndar ekki nema eina eða tvær mínútur og svo var hann alveg búinn.”

Þorskur þessi hlaut sömu örlög og ótal margir bræður hans, Sævar teygði sig eftir honum með háfi, dró hann að sér og skar á háls. Svona er lífið á sjónum, barátta upp á líf og dauða.

En hvernig kemur Sævar aflanum í land? “Ég er með sjópoka sem ég festi við bóginn og í hann set ég fiskinn. Stærri fiska bind

ég utan á bátinn og dreg þá bandið í gegnum kjaftinn á þeim. Þegar mátulega mikið er komið í sjópokann, það er að segja þegar sjór og fiskur er nokkurn veginn til jafns, nú þá tek ég bara stefnuna að næstu góðu fjöru og tek land. Þar geng ég frá aflanum í góðan sjópoka í lestarnar. Ef báturinn er orðinn svo siginn að hann minnir helst á hlaðið loðnuskip og mér finnst hálfvarhugavert að halda áfram, þá held ég heim á leið en annars held ég áfram að veiða.”

Rólegur þó hvítí í öldutoppum

Frá því Sævar hóf veiðarnar fyrir tæplega fjórum árum hefur hann landað hundruðum kílóa af fiski. Hefur hann fisk í

Mynd: Snorri Gunnarsson



í sléttum sjó draga þau ekki úr hraðanum. Mikilvægt er að flotholtin nemi við sjólinu en séu ekki nokkrum sentimetrum fyrir ofan hana. Til að koma að fyllsta gagni þurfa flotholtin að byrja að vinna á móti halla bátsins alveg frá fyrstu gráðu. Þau ná fullri virkni þegar þau eru komin á kaf. Þarna er það lögmál Arkimedesar sem öllu ræður. Vegna flotholtanna getur ég verið alveg rólegur, þarf engar áhyggjur að hafa af því að halda jafnvægi og getur í staðinn einbeitt mér að veiðinni. Árina hef ég síðan fyrir framan mig og get gripið í hana ef eitthvað kemur upp á. Það er hrein unun að sitja við þetta, í hæfilegri öldu og með allt þetta líf fyrir neðan sig,” sagði Sævar. Við veiðarnar notar hann venjulega sjóstöng. Kaffið geymir hann í venjulegum kaffibrúsa og fær sér reglulega í veiðitúrnum.

matinn handa sér og frúnni nánast allt árið og stundum nóg handa börnunum einnig. Útgerðin ber sig, það er enginn vafi á því.

Að sögn Sævars er best að halda til veiða á fjöru. Ekki fiskast þó alltaf á fjöru en Sævar kann ráð við því, hann kíkir einfaldlega á leynivopnið; Garmin Legend GPS-tæki sem segir honum nákvæmlega hvenær best er að fara út og hvort líklegt sé að veiðin verði frábær, sæmileg eða léleg.

“Ég hélt reyndar að þetta væri eitthvað rugl, að tækið gæti



Hefur veitt hundruð kílóa af fiski af kayaknum Rúnar Pálmason

ekkert spáð fyrir um hvort fiskurinn væri líklegur til að bíta á eða ekki en annað hefur komið í ljós. Þetta hefur aldrei klikkað. Tækið reiknar þetta út eftir tunglstöðu en ég veit svo sem ekki nákvæmlega hvaða kenningar og vísindi eru á bakvið þetta. Aðalatriðið er að þetta virki. Og þetta virkar,” sagði hann.

Var hvalurinn skotinn í flotholtunum?

Þó að Sævar rói yfirleitt einn og stundum í töluverðum sjó segist hann aldrei hafa lent í hættu. Kveðst hann sitja sallarólegur við veiðar þó að verulega hvítu í öldutoppum, slíkt sé í lagi svo lengi sem ekki sé einnig mikil undiralda, þökk sé flotholtunum.

“Flotholtin veita mikið öryggi”

Sævari hefur þó brugðið illilega í veiðiferð en það var ekki vegna öldugangs. “Ég var í rólegheitunum við veiðar milli Geldinganes og Lundeyjar þegar ég heyrði eitthvað hvæs fyrir aftan mig. Ég leit loks við til að kanna málið og sá þá þennan svakalega hval fyrir aftan mig. Hann hefur varla verið nema í um tveggja metra fjarlægð frá bátnum. Ég var mest hræddur um að hann myndi slá sporðinum upp og í mig en sem betur fer sleppti hann því og synti rólega frá. Mér brá helvíti mikið því ég bjóst alls ekki við þessu. Ég var líka svolítið hræddur um að hann væri spenntur fyrir belgjunum og vonaði bara að hann myndi ekki gerast nærgöngull við þá.”

Miðin sem Sævar sækir eru flest ævafor, víst er að miðin við Viðey hafa verið stunduð hér um bil frá landnámi og Sævar hefur fregnir af því að miðin við Geldinganes hafi lengi verið þekkt af nútímamönnum. Þá hefur hann lesið að stóreflis lúður hafi gengið inn milli Viðeyjar og Engeyjar, margar 100 kíló að þyngd. Sævar hefur í hyggju að prófa þessi gömlu mið og ná sér í eins og eina lúðu í soðið. Kayakinn verður reyndar ekki notaður í þá veiðiferð því þó flotholtin séu góð þá þau varla slíkan togkraft. “Nei, ætli ég yrði ekki að sleppa ef stórlúða myndi bíta á,” sagði Sævar Helgason, aflskipstjóri.



Myndir: Sævar Helgason

Það var ekki að spyrja að því. Þrátt fyrir afskipti stjórnvalda og stórfyrirtækja héldu tveir straumkayakræðarar og rodeo*hetjur hið árlega Elliðaárrodeo. Orkuveitan hafði verið dugleg við að reka menn upp úr ánum fyrr um vorið og hafði lögreglunni verið sigað á Mumma Hveragerðing.

Mótið tókst vonum framar og var glæsilegt í alla staði. Verðlaunin voru ekki af verri endanum, en í verðlaun voru gamlir ullarsokkar af Alla og Mumma. Eftir hefðbundna

fram af fossum. Bragi Sjóhundur og ég smelltum okkur í tvíburabátinn og sýndum snilldartakta í samhæfðu fossastökki. Eftir fossastökkið var haldið í grillveislu og verðlaunaafhendingu þar sem Alli mótsstjóri reiknaði vitlaust saman tímana úr kappróðrinum og svindlaði sér þannig í fyrsta sæti keppninar. Eftir að búið var að koma upp um svindlið voru nýir verðlaunahafar krýndir og nýr Íslandsmeistari tilnefndur.

Snilldartaktar, gamlir ullarsokkar og kayakslýs á þurru landi

rodeokeppni var tekið til við að bodysurfa* holuna. Viktor setti á sig sundhendurnar og auka björgunarvesti og gekk mun betur í holunni syndandi heldur en honum hafði gengið á bátnum í rodeoinu. Margir reyndu að bodysurfa, en það var bara Viktor sem náði einhverjum árangri í þessari grein.

Nú var kayaksumarið byrjað formlega og átti það bara eftir að batna. Næsta mót í röðinni var Tungufljótskappróðurinn. Þetta var líklega ein skemmtilegasta helgi sumarsins. Mjög mikil þáttaka var í mótinu og góð stemmning. Alli Möller hafði hannað svigbraut í ánni og áttu ræðarar að fara fyrirfram ákveðna leið og leysa þrautir á leiðinni niður. Eftir mjög skemmtilega keppni fóru svo allir að fossinum Faxa. Þar stukku menn fossin með frjálstri aðferð. Mummi Hveragerðingur var einn duglegastur við að fara og sýndi hann ýmiskonar listir og mismunandi leiðir til að detta á hausinn

Helgina eftir Tungufljótið hélt Bragi einn síns liðs upp í Galtalæk þar sem hann ætlaði að taka á móti hópi nýliða. Mætingin var dræm og eyddi Bragi fyrstu nóttinni einn og einmanna. Hver man ekki eftir að hafa fengið sms frá Braga þetta kvöld sem innihélt textann: "Ég er ***** einn í Galtalæk"? Þá voru góð ráð dýr. Party boyz voru á Akureyri þegar þessi skilaboð bárust og drifu sig yfir hálendið til að geta haldið Braga félagsskap. Hveragerðingarnir stukku líka til og þegar upp var staðið hafði dágóður hópur mætt í Galtalækinn og úr varð ágætasta nýliðaferð með tilheyrandi frísbí*, grilli og gítarspili.

Nú var ekki mikið um skipulagða atburði í straumvatninu, en samt meira en nóg að gera. Farið var um allt land og nýjar ár rónar. Haldið var í Skagafjörðinn og stór hópur fór á kayökum og gúmmibátum niður Jökulsá Austari með ótrúlega fáum sundum, ég man ekki eftir neinu, og allt of litlum vandamálum.



Daginn eftir var svo farið í Jökulsá Vestari með nýliða. Þeir syntu meira en nóg til að bæta upp fyrir sundleysið í Austari ferðinni. Við lærðum ýmislegt um þessa helgi, það er t.d. spennandi að rafta* á Fiji-eyjum, það er þess virði að drífa sig niður Austari til að ná að sjá fótboltaleikinn um kvöldið. Raft-guidearnir* í Austari eiga það til að reyna að velta bátunum viljandi og það þarf að passa upp á þá og sportkayakar eru algjörlega málið enda kosta þeir ekki nema 100-200 kjell.



Jón Skírnir Ágústsson

Haldið var haustrodeo í Hvítánni þetta árið. Aldan var óvenju góð en ekki er hægt að segja það sama um keppendurnar. Keppnin var samt skemmtileg og gaman var að sjá nokkra gamla karla koma og taka þátt. Eftir margar misheppnaðar tilraunir til að cartweela*, blunta*, spinna* og velta voru dregin fram surfbretti*. Það gekk ekki mjög vel að surfa ölduna á brettum, en vel þess virði að prufa. Eftir keppnina héldu svo Party Boyz ógleymanlegt party handa öllum vinum sínum í Kayakklúbbnum.

Þá er þetta nú eiginlega upp talið, það má kannski minnst á að Bragi lenti í kayakslysi á þurru landi og þurfti sjúkrabíl í bæinn, Kojak svaf í shotgun* og ber við sig að kunna ekki reglurnar, Raggi reyndi að lokka Olgu með sér inn í afvikin helli í Laxánni, Jói Kojak lét reyna á hjálminn sinn þegar hann stakk sér með hausinn á undan niður smá foss og beint á stein, Huldumaðurinn komst í kast við lögin fyrir að fljóta á vind-sæng niður einhverja á fyrir norðan, líklega þverá eða Laxá, Mummi komst tvisvar í kast við lögin fyrir að spilla laxveiði með kayakróðri, Elli má ekki drekka ávaxtasafa án þess að gubba inn í tjaldið sitt, frisbí* er málið og sportkayakar með spoilerkit* eru líka heitir.



Orðskýringar:

Bodysurfa - Stunda brimreið með líkamann að vopni

Rodeo - Keppni í straumbátabrögðum

Frisbí - svifdiskur

Rafta - Ferðast á gúmmíbát niður straumharða á

Raft-guidearnir - Leiðsögumenn í gúmmíbátaferðum

Cartweela - Straumbátabragð þar sem báturinn fer í hringi

Blunta -

Spinna -

Surfbretti - Bretti til að stunda brimreið

Surfa - Brimreið

Shotgun - Hægra framsætið í bifreið

Spoilerkit - Það sem hnakkar láta utan á bílana sína

28. apríl. Elliðaárróðeó.
Umsjón: Keppnisnefnd.

6. maí: Hörpuróður. Róður eingöngu ætlaður konum. Mæting kl. 09:30 á Eiðinu við Geldinganes. Útbúnaður: Kayak og ár og allt sem því fylgir. Róðrarleið fer eftir veðri og vindum. Auðveldur og flottur róður.
Umsjón: Anna María Lind S: 695 9925 eða vefarilind@yahoo.se

Þriðja sinn og er haldinn við Geldinganesið. Keppt er í tveim vegalengdum, sú styttri hentar vel þeim sem eru að byrja í sportinu. Umsjón: keppnisnefnd, Steini, kayak@islandia.is

20. maí: Þjórsárróðeó

Flúðafimi á einum besta leikstað landsins, í ölduholunni undir gömlu brúnni.

Umsjón: Mummi s: 664 3354, Bragi s: 824 0243.

Dagskrá Kayakklúbbsins 2006



Mynd: Haraldur Njálsson

6. maí: Róðurinn "Stöndum þétt saman". Róður eingöngu ætlaður körlum. Mæting kl. 10:00 í Bakkavík á Seltjarnarnesi. Róðrarleið: út fyrir Gróttu og í Akurey og tilbaka. Útbúnaður: Allt sem þarf. Nokkuð auðveldur róður. Umsjón: Jón Ágúst. Eða ef veður og önnur skilyrði eru hagstæðari yrði farið umhverfis Álftanes: Umsjón Tryggvi Tryggvason og kayakklúbburinn Sviði á Álftanesi. Breyting þangað verður sérstaklega auglýst.

(Landnámsmaðurinn Sviði reri fyrstur í húðkeip umhverfis Álftanes og klúbburinn heitir eftir honum.)



Mynd: Haraldur Njálsson

6. maí: Tekist á við strauminn. Róður straumkayakmanna í Ytri-Rangá, lagt af stað frá Rjúpnavöllum tekið upp við Galtalæk. Ferðin hentar þeim sem voru að byrja síðasta sumar og eru að koma sér af stað aftur. Umsjón: Jói, s. 663 5578 og wavesport1@visir.is.

6. maí að kvöldi: Vorgrill kayakræðara. Fólkhittist og grillar við aðstöðu klúbbsins á

Geldinganesi, allir koma með sitt.
Umsjón: Jói s. 663 5578, Bragi s. 824 0243.



Mynd: Jón Skírnir Ágústsson

4. maí: Róður í Nauthólsvík/ Geldinganes færast á fimmtu-dagskvöld.

13. maí 2006 Reykjavíkurbíkar Keppni þessi er elsta keppni félagsins og hefur verið haldinn á vorin, fyrst við Ægissíðu, - svo var hún flutt að Bessastöðum og var kennd við þann stað í fimm ár, en nú hefur hún verið flutt í

27. maí: Sjó- og straumvatnsmenn sameinast í Hvítárferð. Þessi ferð er alltaf jafn vinsæl þar sem straumvatnsmenn bjóða sjóbátamönnum að takast á við straumpunga Hvítánnna frá Brúarhlöðum niður að Drumboddstöðum. Hér þarf nokkra reynslu og æfingu í veltu og björgun. Umsjón: Jói, s. 663 5578, wavesport1@visir.is, Jón Skírnir s. 897 6517.

25. maí (uppstigningardagur): Kvöldróður út í Engey. Farið frá Geldinganesi norður fyrir Viðey og áð í Engey, róðið inn Viðeyjarsund til baka. Mæting kl. 17.00 við klúbbhúsið með nesti og heitt á brúsum. Auðveldur róður. Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444 eða marest@tv.is.

2.-5. júní: Sjókayakmót Eiríks-Rauða í Stykkishólmi. Fjölskyldhátíð, útivist og eitthvað fyrir alla og alla getu í röðri. Nauðsynlegur hluti sumarsins.

Dagskrá:
Föstudagur 2. júní: kl. 22:00: Mótið sett á Fimm fiskum. Hljómsveit spilar fram á nótt.

Laugardagur 3. júní: 08.00 – 12:30: Mótstjald opið með upplýsingum og skráningu í ferðir.

Námskeið:
09:00 – 11:30: Sundlaug – velta – félagabjörgun Steini Stykkishólmi ofl.; 3000 kr./mann.
10:00 – 16:00: 4* Þjálfun (fyrri hluti) Jeff Allen; 18.000 kr./mann (2 dagar).

Ferðir:
14.00 – 16.00: Fjölskylduferð
13.00 – 17.00: Ferð fyrir vana ræðara.
13.00 – 17.00: Góð dagsferð fyrir vana og minna vana ræðara.
14.00 – 16.00: Fjölskylduferð á Nesvoginum (uppi við Rúlluhlið)
18:00 – 20:00 Sameiginlegt grill í skógræktinni (grill, borð og bekkir til staðar).
22:00: Jeff Allen segir frá ferð umhverfis Suður-Georgíu í Suður-Atlantshafinu á Fimm Fiskum og skemmtun fram eftir nóttu. Jeff Allen er sérstakur gestur hátíðarinnar á þessu ári og hefur m.a. róið kringum Japan.

Sunnudagur 4. júní:
08.00 – 12.30: Mótstjald opið með upplýsingum og skráningu í ferðir og keppni ásamt móttöku keppnisgjalds.
Námskeið:
09:00: Sundlaug –velta – félagabjörgun (Jeff Allen); 3000 kr./

mann

09:00 – 12:00: Krakkanámskeið á Nesvoginum (uppi við Rúluluhlíð) fyrir 8-10 ára og 10 ára og eldri börn; 2000kr./barn (2-3 systkini 1000 kr).

Keppnir: 13:00 Sprett- og Veltukeppnirnar frægu.

Ferð:

17.00 – 19.00: Ferð fyrir alla.

20:00: Hlaðborð á Fimm Fiskum fyrir móts gesti. Verðlaunaaf-

finna eitthvað við sitt hæfi. Nánari dagskrá auglýst síðar.

Umsjón: Sunnan menn: Jón Skírnir, jsa@ieee.org, 897 6517, Halli, haranja@centrum.is, 897 1660, norðan menn: Rúnar runar@myndrun.is 864 5799

18. júní: Bessastaðabíkar. Ný 10 km keppni á vegum Sviða á Álftanesi. Kort og leið eru ekki enn á föstu, en þann 18.6. kl. 13.30 er straupunginn mikill út úr Skógtjörninni (tveim tímum eftir háflóð). Hér er góð viðbót við keppnir sumarsins,

Dagskrá Kayakklúbbsins 2006

hending, ferðasaga. Skemmtun fram eftir nóttu fyrir þá sem hafa þrek til.

Mánudagur 5. júní:

10:00 :Krakkanámskeið á Nesvoginum; 1.000 kr. fyrir þá sem eru að koma annan daginn í röð, annars 2000 kr.

4* Þjálfun (seinni hluti). Jeff Allen.

Þriðjudagur 6. júní: Jeff Allen heldur Incident management námskeið nálægt Reykjavík til að sem flestir komist á það. Fyrir fólk sem myndi flokkast sem 4*.

Umsjón: Þorsteinn Sigurlaugsson, Seakayakiceland (áður Sagan kayakferðir), Skólastíg 28, 340 Stykkishólmi, s. 6903877, heimasíða á www.seakayakiceland.com og póstur til: info@seakayakiceland.com.

Einnig má finna dagskrána á www.seakayakiceland.com/eirik/dagskra06.doc og upplýsingar um Jeff Allen á www.seakayakiceland.com/eirik/Profile.doc.

Athugið: Jeff Allen kemur til með að halda námskeið hér og verða þau auglýst í dagskránni.

Þeir sem vilja fara á 4 stjörnu námskeiðið eða incident management eru vinsamlegast beðnir að skrá sig tímanlega.

9. - 11. júní: Eyjafjarðarferð.

Mót í Eyjafirði í samvinnu við siglingaklúbbinn Nökkva á Akureyri. Ein megin-skemmtun sumarsins þar sem ármenn og sjómenn að norðan sunnan, austan og vestan koma saman. Komið norður á föstudagskvöldi og róið laugardag og sunnudag. Skálagisting verður í boði fyrir þá sem vilja. Mikið er hægt að gera í nágrenni Akureyrar, s.s. sjóferðir nálægt Grenivík eða Árskógssandi og straumróður í Þverá í Garðsárdal, Hörgá, Skjálfafljóti og ekki má gleyma Goðafossi. Allir ættu að



Mynd: Haraldur Njálsson



Mynd: Jón Skírnir Ágústsson



Mynd: Haraldur Njálsson

þar sem þarf að takast á við strauma og erfiðar aðstæður. Umsjón: Keppnisnefnd og kayakklúbburinn Sviði.

23. júní: Jónsmessumót í Hvammsvík.

Á Jónsmessunni hitta menn Jarlinn í Hvammsvík, grilla saman og róa svo út í miðnætursólinu í Hvalfirðinum aðfar-anótt Jónsmessudags. Róður fyrir alla.

Umsjón: Pétur, s. 893-1791, petur@hvammsvik.is

25. júní: Ferð á Þingvallavatn. Ferðin góða frá sl. sumri endurtekin með breytingum: Farið um kl. 10 f.h. frá Hestvík við suður-enda vatnsins í hellaeyjuna Klumbru, svo út að Nesey og að í Sandey. Róið þaðan að Mjóanesi, stutt viðbótaráning þar og svo farið yfir vatnið aftur í Hestvíkina. Tekur bróðurpart dagsins. Ætti að vera auðveld ferð.

Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444, reynirg@landspitali.is eða marest@tv.is eða Sævar helgish@islandia.is.

30. júní– 2. júlí: Kappróður í Tungufljóti.

Á föstudagskvöldinu kl. 19.00 verður flúðakappróður í Tungufljóti, slegið upp tjaldbúðum í nágrenninu og á laugardeginum verður ródeó undir gömlu Þjórsárbrúnni, svo skella menn sér á sveitaball um kvöldið.

Umsjón: Keppnisnefnd, Mummi s: 664 3354, Bragi s: 824 0243.

7. – 9. júlí. Nýliðaferð í Galtalæk.

Galtalækjargleðin heldur áfram. Mæting er á föstudagskvöldinu. Á laugardagsmorguninn er haldin morgunleikfimi í Leikfangalandi, lítilli flúð í ánni, áin er svo róin seinna um helgina. Það er nóg að gera í Galtalæk og munu Party-boys sjá um að halda uppi frábæru fjölskyldufjöri, eins og þeim einum er lagið.

Umsjón: Jón Skírnir, jsa@ieee.org, s. 525-5895 og 897 6517.

9.-13. júlí: Sjókayakferð: Strandir 2006

Kayakklúbburinn Kaj er að setja saman dagskrá fyrir sumarið í samvinnu við Kayakklúbbinn í Reykjavík. Frá árinu 2002 erum við búin með stóran hluta af Austfjörðunum og núna í ár stefnt á Vestfirðina, þ.e. Strandir- Djúpvík-Fljótavík. Rónir 20-30 km á dag. Ferð aðeins fyrir vana ræðara.

Sunnudagur 9. júlí: Lagt af stað frá Djúpvík eða Ingólfsfirði.

Fimmtudagur 13. júlí: Stefnt á að láta sækja okkur á báti í Horn-

hvammsvík.is.

11.-13. ágúst. Ferð í eyjar undan Klofningi á Fellsströnd.

Ferð á sjóbátum fyrir sjómenn og straumvatnsmenn. Róður sem er meðalerfiður en krefst ekki mikillar reynslu og er frábær útivist. Áformað er að hittast á föstudagskvöldi 11. ágúst við bæinn Hnúka sunnan Klofnings. Farið er niður afleggjara til vinstri þegar ekið er út Fellsströndina. Þar má tjalda við gamla kaupfélagshúsið. Reiknað er með að fara af stað næsta

Dagskrá Kayakklúbbsins 2006

vík eða Fljótavík. Siglingadagar eru svo í framhaldi á Ísafirði 14-16 júlí.

Áætlun til vara ef veður verður ekki gott: Farið í Jökulfirðina.

Ferðin verður auglýst betur á síðu Kayakklúbbsins þegar nær dregur.

Umsjón: Ari Benediktsson s. 863-9939, ari@honnun.is

13. - 16. júlí: Útilífveran á Ísafirði.

Á Ísafirði verður löng helgi tileinkuð útiveru og þar með sjó-sporti og á kayakinn þar stóran hlut. Sjá www.utilifveran.is þar sem dagskráin er birt.

Keppni verður á Ísafirði á laugardeginum með svipuðu sniði og í fyrra og er hluti Íslandsmótsins.

Hið árlega námskeið í Reykjanesi verður helgina þar á eftir eins og hefur verið, sjá nánari auglýsingu á korkinum og hjá

morgun um kl.09.30 á háflóðinu og róa Kvenhólsvoginn að Nauteyjarstraumi og norður yfir Þröskuldana milli Langeyjar-ness og Efri-Langeyjar. Þaðan verður farið vestur með eyjunni og síðan suðvestur með Fremri-Langey í Arney. Þar verður góð síðdegisáning í Gyrðisvogi norðvestan á eyinni (og við hit-tum þá sem koma úr Hólminum, lagt af stað þaðan um kl. 12 á laugardag). Síðan verður haldið áfram út í Fagurey og tjöldum slegið upp þar. Eftir hæfilega pásu og afslappelsi verður kvöl-dróður, ef veður er gott til þess, ca. 3 km yfir sundið í Elliðaey með tilheyrandi náttúruskoðun og hressingu, síðan tilbaka á kvöldvöku í Fagurey. Í Fagurey bjó Sturla Þórðarson sagnaritari síðustu æviár sín á 13. öld og ritaði Íslendingasögu, enda koma eyjarnar allar fyrir sem sögu svið í Sturlungu. Næsta dag er svo áformað að fara fyrst í Bildsey og þaðan yfir Arneyjarsund og inn með eyjunum aftur til baka í Kvenhólsvoginn þar sem

SEAKAYAKICELAND.COM
NÁMSKEIÐ, KAYAKFERÐIR OG LEIGA

**STYKKISHÓLMUR
REYKJAVÍK
FLATEY**



ferðin endar. Sjókayaka og allt sem þeim fylgir þarf að hafa, þ.m.t. tjöld, svefnpoka, prímusu, nesti, nestisdrykki, skemmtiefni, brennikubba, sjónauka, landakort, GPS og myndavélar. Umsjón: Reynir Tómas, s. 824 5444, reynirg@landspitali.is eða marest@tv.is eða Sævar, helgish@islandia.is.

18.-20. ágúst. Þórisvatn

Þessi ferð verður skipulögð á korki Kayakklúbbsins. Föstudagur: hittumst í Þjórsárdal og gistum í tjöldum. Laugardagur:

2. september: Hausródeó.

Síðasti atburður straumkayakfólks. Staðsetning auglýst síðar
Umsjón: Mummi s: 664 3354, Bragi s: 824 0243.

2. september: Uppskeruhátíð Kayakklúbbsins.

Staðsetning auglýst síðar. Hverjir unnu hvað og hörku stuð!

16. september: Róður í Nauthólsvík/Geldinganesi færast á laugardaga.

Dagskrá Kayakklúbbsins 2006

Ekið að suðurenda Þórisvatns. Lagt út og róið norðaustur vatnið og inn Austurbotn. Tjaldað við norðurenda vatnsins. Kvöldgöngur á nærliggjandi tinda, t.a.m. Útigönguhofta. Kvöldvaka. Takið með brennikubba og hlýjan fatnað/teppi og annað hitandi til að sitja með við varðeldinn.

Sunnudagur: Róið til baka að bílunum.

Um 20 km róður hvora leið, ca. 5 tímar. Ætti ekki að vera erfitt en nokkur reynsla er æskileg. Búnaður: Sjókajakar og allt sem þeim fylgir, tjöld, svefnpokar, prímusar, nesti, skemmtiefni, sjónaukar, landakort, spjöld með áletrun gegn Norðlingaöldu- og Kerlingafjallavirkjunum og áletrunum fyrir verndun miðhálandisins og fyrir rétti kayakráðara til aðgengis að ám og vötnum (skilið eftir hjá bílunum) og myndavélar. Dagsetning gæti breyst. Fylgist með á korki er nær dregur.

Tengiliðir: Anna María, annamariageirsd@hotmail.com, s: 6959925 eða Ásta, s. 567 4603, astathor@mi.is eða Reynir Tómas, marest@tv.is eða 824 5444.

26. ágúst: Hvítá fyrir lengra komna nýliða.

Farið er ofar í Hvítána og sett út í við Brattholt. Á þessum kafla bætast við nokkrar skemmtilegar flúðir. Ferðin hentar mjög vel þeim sem voru að byrja fyrr um sumarið og eru tilbúin til að róa meira en Hvítána frá Brúarhlöðum.

Umsjón: Heiða, heijons@hotmail.com, s. 867 3755.

26.-27. ágúst: Hvítárvatn.

Farið á laugardagsmorgni upp að Hvítárbrú norðan Bláfellsháls. Róið upp ána inn á vatnið og að vestari kanti skriðjökulsins, 15 km hvora leið. Þaðan er farið inn í Karlsdrátt og tjaldað. Nauðsynlegt er að hafa ílát til berjatínslu, enda tjaldstæðin þakin berjum. Gengið upp í Leggjabrátt og tínt meira af berjum, auk gróður- og landslagsskoðunar. Tilbaka næsta morgun. Það getur orðið napurt og nauðsynlegt er að vera vel búinn, en aðeins í meðallagi erfitt og getur verið létt og ljúft. Ferðin gæti færst til ef veðurútlit er ekki gott. Fylgist með á korkinum.

Umsjón: Reynir Tómas, reynirg@landspitali.is og marest@tv.is og Sævar helgish@islandia.is

2. september: Hvammsvíkurmaráðon.

Sjötta maraþonið, - þessi kappróður er maraþon að lengd eins og nafnið gefur til kynna og er ætlað þokkalega vönum ræðurum, einstaklingskeppni og liðakeppni. Ræst verður kl. 10 f.h. í Geldinganesi. Nánar auglýst síðar.

Umsjón: Keppnisnefnd og Pétur 893-1791, petur@hvammsvik.is

23. september eða nálægan dag þegar veður lítur vel út: Dagsferð á Þingvallavatn. Farið frá ströndinni rétt innan við Valhöll um kl. 11, yfir í Vatnsvík að Arnarfelli og jafnvel út í Sandey, eftir því hvernig viðrar. Gert ráð fyrir að ferðin taki mest um 4-5 klst með 1-2 stoppum/kaffipásam, allt eftir veðri og vindum. Umsjón: Ásta, s. 567 4603, astathor@mi.is, nánar auglýst á korkinum.

Ferðir í ár í Skagafirði: Auglýstar nánar á korkinum.

Fylgist með umræðu og tilkynningum á vef klúbbsins, á korkinum og tilkynningum í dagskránni til að skoða mögulegar breytingar og nánari tímasetningar eða ferðatilhögun. Margir fara í ferðir utan þessara dagskrárliða og tilkynna um það á korkinum. Ferðanefndin hvetur alla til að nýta sér þau tengsl sem þar skapast til að ferðast með meira öryggi um skemmtilegar slóðir í hinum glaðværa og vandamálalause félagsskap ræðara og náttúruunnenda.

Megin viðburðir verða 6. maí, 2.-5. og 9.- 11. júní, 7.- 16. júlí og 11.-13. ágúst.

Athugið að ferðin rótgróna í Straumfjörð á Mýrum er ekki sérstaklega á dagskrá í sumar, en kayakráðarar eru velkomnir þangað út eftir til að róa. Farið er fyrst í Borgarnes og þaðan tekinn vegurinn upp á Mýrar (Þjóðvegur 54), ekið yfir brúna á Langá og þar beygt niður á veg 533 (merktur Álfanes), ekið framhjá Álfanesafleggjaranum og að bænum Sveinsstöðum (sem er ofan vegar) og þar beygt til vinstri niður að sjónum á Straumfjarðarafleggjarann. Akið varlega vegna fugla og unga sem þar eru á hverju strái og heim að bænum. Í nýja hvíta húsinu eru þau hjónin Steinar Ingimundarson og Sigrún Guðbjarnadóttir og rétt að gera vart við sig hjá þeim. Tjaldstæðið er aðeins utar á túninu. Þau taka kr. 1000/bíl og eða tjald á nóttina og menn eru beðnir um að greiða þeim eins og við á. Hreinlætisaðstaða og vatn er á svæðinu. Tjalðið ekki yst á tjaldstæðinu vegna kríuvarpsins enda leyfir krían það varla. Svæðið er opið fyrir róður suður með landi, en norðantil ekki fyrr en um 7.-15. júlí, þ.e. eftir að æðarvarpi og viðkvæmum ungotíma lýkur.

Ferðanefnd

Keppnisnefnd

Fljótlega eftir stofnun Kayakklúbbsins fóru menn að sækja í Galtalæk og hafa vorferðirnar verið fastur liður í dagskrá klúbbsins síðastliðin 15 ár og hafa þá aðalega verið miðaðar við að hjálpa nýliðum fyrstu áratökin, þótt þarna sé líka krefjandi staðir fyrir lengra komna.

Fyrsta ferð var sennilega farin sumarið 1983 og afrekaði þá undirritaður að vera fyrstur manna að fara niður hinn ill-

ræmda foss, Skógarfoss sem er efst í hinum svokölluðu Ármannsflúðum. Þessi foss hefur reynst mörgum ræðurum síðan ansi skeinuhættur og finnst sumum þeir stundum hafa dvalið ívið of lengi undir honum. Flúðirnar fyrir neðan fossinn nefnast Ármannsflúðir vegna þess að árið 1989 bættist hópur í félagið sem nefndu sig Ármenn og fór ég með þeim til æfinga í Galtalæk, eins og venja var byrjuðum við í Leikfangalandi, síðan var gengið upp með ánni til að skoða og komum

Galtalækur



Haukur í Galtalæk 1991



Berhreinn í Ármannsflúðum 1984



Vandræði í Skógarfossi 1997

Þorsteinn Guðmundsson

við þá að Ármannsflúðum og þótti nýliðunum þær all svakalegar og varð einum að orði að þeir gætu talist fullgildir Ármenn þegar þeim tækist að fara niður þessar flúðir. Eftir þetta hafa flúðirnar verið nefndar Ármannsflúðir og þegar menn afreka að róa eða synda niður þær í fyrsta skipti, teljast þeir fullgildir Ármenn!

Hér í denn, áður en netið varð allsráðandi og enginn "Korkur" til að undirbúa ferðir, var höfð bók í kjallaranum í Laugarðalslauginni og ef menn voru að skipuleggja ferða eða voru farnir, létu þeir vita með því að tilkynna í bókina og eins færðu menn inn ferðasöguna í lok ferðar, líkt og gert er á Korkinum. Hér er úrdráttur úr einni af þessum ferðum í Galtalæk;

"26.05.90 Farin var fyrsta skipulagða ferð sumarsins í Ytri-Rangá. Lagt var að stað heiman frá Ágústi kl 10:10 um morguninn farið var á fjórum bifreiðum með átta kayaka og einn Canoe opinn sem Ekkert (Eggert) frændi Gústa átti, var komið í Galtalæk um 12 leitið. En samt var áð á Selfossi og farinn aukarúntur til að stöðva Óskar (Skaga-Skara) og Maríu frá þeirri firru að aka í byggðarlag það sem heitir Hella og verða sér til skammar þar með því að spyrja um veginn að Galtarlæk, og einnig þurfti að aka á eftir Berhreini og frú hans langt upp undir Búrfell til að koma í veg fyrir að hann myndi fara með kayakinn minn til siglinga á Landmannalaugum. En þrátt fyrir þetta þá var hafin róður á Rangánni kl 12:30. Viðhafðar voru hinar ýmsustu kúnstir, Halli æfði bakveltur, Indriði gisti í holum, Þorsteinn tók þetta á "hægaganginum" Árni undirritaður dvaldist aðalega við líffræðiverkefni um lífríki Rangár (æfði veltur og svo frv.) María og Óskar prófuðu tilfinningu fyrir straumvatni. Um fimmleitið voru allir búnir að fá nóg af Leikfangalandi og Önglinum, þ.e. andlega ófullnægt en líkamlega útkeyrð. Læt ég þessu lokið og kvitta fyrir sem skrifari klúbbsins". Árni Árnason.


Svo er hér ferðasaga frá 2002 tekin af gömlu heimasíðunni;

"Straumvatnsmenn fóru í sína árlegu ferð í Galtalækjarskóg helgina 7. til 9. júní. Þó veðurspáin hafi ekki verið glæsileg mættu á bilinu 20 – 30 manns til að sofa í tjöldum á svæðinu en voru um 40 þegar mest var. Því sumir komu á laugardeginum bara til að róa. Á föstudagskvöldinu skruppu nokkrir í leikfangaland til að bleyta í bátunum og njóta tilverunnar á meðan aðrir unnu að því að setja í gang hoppikasta-

la sem Gummi hafði tekið með úr bænum fyrir börnin. Laugardagsmorguninn byrjaði ekki vel því það var ausandi rigning og rok snemma um morguninn sem breyttist síðan í sól og sælu um klukkan 9 og hélst þannig út helgina. Þegar menn voru búnir að koma í sig morgunmatnum var haldið niður í leikfangaland til æfinga og voru menn þar vel fram yfir hádegði í sól og sælu. Um nónbil var síðan haldið upp með ánni með þá 21 af þeim hörðustu og til að róa frá Rjúpnavöllum að leikfangalandi. Gekk sú ferð að óskum og voru ræðarar því skælbrosandi þegar komið var í leikfangaland. Um kvöldið var síðan grillað sameiginlega ásamt því að fara í leiki. Síðan sátu menn og ræddu málin í ljúfu og góðu veðri fram á nótt. Á sunnudagsmorgninum stukku nokkrir eldhressir ræðarar fram úr og fóru annan róður niður ánni frá Rjúpnavöllum. Seinni part dags voru síðan allir komnir á stað til síns heima eftir mjög vel heppnaða helgi með félögunum í Galtalækjar-skóg". Gummi.

Semsagt; Kayakklúbbferð í Galtalæk er fyrir alla, sjóbáta konur og kalla, harðsvíraða straumvatnsjaxla og nýliða, börn jafnt sem gamalmenni.

Steini x-formaður



Myndir frá Þorsteini Guðmundssyni

Reynir í Leikfangalandi 1994



Steini í Skógarfossi 1983

Nánast hvert mannsbarn veit að Kayakklúbburinn var stofnaður fyrir 25 árum. Sum mannsbörn eru hins vegar haldin þeirri grillu að sá atburður hafi markað upphaf kayakróðurs við Íslandsstrendur en sú firra er leiðrétt í þessari grein.

Sannleikurinn er sá að kayakróður hefur verið stundaður hér svo lengi sem elstu menn muna og staðfestar upplýsingar eru

nar. Samlanda hans hlýtur barasta einhvern tímann að hafa rekið upp að Íslandi vegna hrakningaveðurs, annað er nánast tölfræðilega ómögulegt.

En nóg af getgátum. Fyrsta frétt sem fannst í Morgunblaðinu um kayakróður við Íslandsstrendur er frá 1. september 1923. Þar segir af róðri Angantýs Guðmundssonar skáta og Guðmundar Pjeturssonar prentara upp í Borgarnes, væntanlega

“Þýsk stæling á grænlenstum kayak”

um að Íslendingar hafi stundað róður sem dægrastyttingu í hartnær heila öld, þ.e.a.s. 83 ár, til að allrar nákvæmni sé gætt.

Þessar staðfestu upplýsingar er að finna í Morgunblaðinu og betri verður heimildin varla. Blaðið kom fyrst út árið 1913 og er því heldur slök heimild um róður fram að þeim tíma, t.d. er ekkert þar að finna um róður Sviða umhverfis Álfanes á húðkeip. Það er þó óhætt að slá því föstu að Íslendingar hafi komist í kynni við kayakinn nokkrum öldum fyrr. Eða mælir því einhver mót að Íslendingar (eða öllu heldur norrænir menn) sem bjuggu á Grænlandi á miðöldum hafi séð slíka gripi?

Þá eru auk þess töluverðar líkur á að grænlenzka veiðimenn hafi einhverju sinni rekið yfir til Íslands á kayökum. Þessu til stuðnings nægir að minna á Grænlandinginn sem árið 1720 fannst á kayak fyrir utan Aberdeen í Skotlandi eftir hrakningaryfirhafið. Þvímiðurgafhannuppöndinafljótlega eftirlandtöku og gat því ekkert sagt til um hvaða erindi hann átti til borgarin-

frá Reykjavík. Reru þeir á “strigabát, þýskri stælingu af grænlenstum kayak” og tók róðurinn 10 klukkutíma. Róðurinn er sagður “glæfræfö” sem hafi gengið “betur en búist hafði verið við” og voru menn hissa á að hún skyldi hafa heppnast.

Tveimur árum síðar urðu enn ein þáttaskilin. Þá komu um 60 Grænendingar við á Ísafirði á leið sinni í nýja byggð. Þeir höfðu kayaka með sér og sýndu Ísfirðingum ýmsar kúnstir og þótti þeim (þ.e. Ísfirðingunum) mikið til koma þegar Grænendingarnir “veltu sér af mikilli fimi”. Þar með er ljóst að Ísfirðingar hafa kunnað skil á kayakveltunni í rúmlega 80 ár og er næsta víst að þessi langa hefð hefur gefið þeim gríðarmikið forskot í veltukeppnum síðan þá. Það hlaut að vera. Ekki hafa þeir þó minnst á þetta þegar þeir grobba sig af öllum sigrunum.

Af Morgunblaðinu að dæma var orðið töluvert um kayaka á landinu á fjórða áratugnum. Virðist sem menn hafi ýmist keypt



báta að utan eða smíðað þá sjálfir. Flestir bátarnir, hvort sem þeir voru heimasmið eða fjöldaframleiðsla, hafa án efa verið húðkeipar, þ.e. dúkur strengdur yfir grind. Svo mikill var uppgangurinn í sportinu að árið 1938 var t.d. sagt frá því að Ármennningar hafi byrjað að byggja bátaskýli í Nauthólsvík sem ætlunin var að yrði, auk annars, "kajakmiðstöð", auk annars.

Margir þessara kayaka hafa sjálfsagt verið ágætis sjóskip en

það með kökuboði í Geldinganesi?

Að lokum þetta: Lumi einhver á myndum og frásögn af kayakróðri á frumbýlingsárum sportsins er hann beðinn um að koma því á framfæri við ritnefnd.

Þorsteinn Guðmundsson safnaði saman fréttum og tilkynningum um kayaka í Morgunblaðinu frá 1916 til 1968. Samantektin er á heimasíðu klúbbsins.

Kayakróður á Íslandi í (tæplega) eina öld Rúnar Pálmason

aðrir voru óttalegir koppar, hriplekir og veikburða. Í Morgunblaðinu er að finna fjölda slysfrétta og greinilega var allur gangur á því hvort menn notuðu björgunarvesti eða kunnu skil á öryggismálum, margir voru jafnvel ósyndir. Að vonum voru slysin algeng og telst mér til að það hafi orðið sjö banaslys á kayökum fram til ársins 1979, öll nema tvö á sjó. Mörgu sinnum skall hurð nærri hælum.

Eitt allra hörmulegasta slysið varð við Vestmannaeyjar 2. maí 1951. Tveir ungir menn, Sigurður Grjetar Karlsson og Sævar Benónýsson, ætluðu að róa á tveimur kayökum umhverfis Heimaey og voru þeir komnir að Stórhöfða þegar báti Sigurðar hvolfdi. Sigurði skaut strax upp en báturinn sökk. Þar sem kayak Sævars gat ekki borið þá báða ákváðu þeir að Sævar myndi róa skemmstu leið í land og sækja hjálp en Sigurður taldi ekkert að vanbúnaði að bíða björgunar. Þegar hjálpin barst loks 1-2 klukkustundum síðar var Sigurður látinn, hafði króknað úr kulda.


Þorsteinn Guðmundsson, fyrrverandi formaður klúbbsins, heyrði frásögn af því að þetta slys hefði orðið til þess að kayakróður lagðist af í Vestmannaeyjum. Annars staðar virðast menn hafa haldið áfram, og raunar lítið lært, því fjölmörg dæmi er að finna í Mogganum um kayakslys eftir þennan hörmungaratburð.

Það er erfitt er að segja til um á hversu háu menningarstigi kayakróðurinn var á Íslandi fyrir árið 1980. Líklega var mikið um að krakkar væru að leika sér skammt frá landi en minna um lengri og metnaðarfullri ferðir. Það segir sína sögu að þegar Jeff Hunter og Nigel Foster gerðu tilraun til að róa í kringum Ísland árið 1977 sögðust þeir undrandi á því að kayakróður væri ekki stundaður hér við land. Það er þó kannski ekki allveg að marka þá félaga því þeir reru á allt öðruvísi kayökum en Íslendingar höfðu vanist fram að þessu, nefnilega á trefjabátum, og kannski hafa þeir ekki talið striga- og spýtubáta með. Á næsta ári verða liðin 30 ár liðin frá Foster og Hunter komu með fyrstu trefjakayakana til landsins. Kannski má líta svo á að þar með hafi orðið kaflakil, að síðan þá hafi kayakmenningin færst upp á æðra þrep. Þarf þá ekki að halda upp á



Ljós. M.Simson/Ljósmyndasafnið Ísafirði

Myndirnar með greininni eru af Grænlandingunum sem að komu við á Ísafirði árið 1923



Ljós. M.Simson/Ljósmyndasafnið Ísafirði

Eru þetta rætur kayakmenningarinnar á Ísafirði?



Ljós. M.Simson/Ljósmyndasafnið Ísafirði

Þorsteinn Guðmundsson var formaður Kayakklúbbsins í 25 ár, eða frá því klúbburinn var stofnaður árið 1981 og fram í janúar á þessu ári. Í einkaviðtali við Fréttabréfið sagðist Þorsteinn finna fyrir örlytlum fráhrarfseinkennum en með því að taka að sér formennsku í ritnefnd og hús-næðisnefnd hefði honum tekist að halda einkennunum að mestu niðri

endurvakinn árið 1989 þegar nýir og áhugasamir menn komu inn,” sagði Þorsteinn.

“Klúbburinn var eiginlega barnið mitt og ég vildi ekki sleppa af honum höndunum. Það verður líka að hafa í huga að menn hafa oft staldrað stutt við í klúbbnum. Ef maður horfir yfir hópinn og lítur til baka þá sér maður að það eru ekki margir eftir af gömlu félögunum. Af stofnfélögunum erum við tveir

“Aðrir voru alltaf nýbyrjaðir” - viðtal við Þorstein Guðmundsson

Þorsteinn þvertók fyrir að hann væri að velta fyrir sér að bjóða sig aftur fram á næsta aðalfundi.

Aldafjórðungseta í embætti formanns íþróttafélags er ekki algeng en þó ekkert einsdæmi, blaðamann rekur t.a.m. minni til þess að Erlendur Ó. Pétursson hafi verið formaður Knattspyrnufélags Reykjavíkur í álíka langan tíma og ekki við síður góðan orðstír.

“Ég byrjaði sem formaður árið 1981 og það var bara eðlilegast að ég héldi því áfram. Það verður reyndar að hafa í huga að til að byrja með var klúbburinn afskaplega lítill, við vorum bara níu í byrjun. Ég byrjaði að læra flug eiginlega á sama tíma og klúbburinn varð til og eftir að ég stofnaði flugskóla árið 1985 hætti ég nánast í sportinu í nokkur ár, ég var á kafi í vinnu. Á meðan lognaðist starfið nánast út af. Klúbburinn var síðan

eftir í klúbbnum og af þeim sem byrjuðu árið 1989 er bara einn eftir. Það er raunar ekki óalgengt að menn endist aðeins í sportinu í 2-3 ár en hætt svo. Maður gat þess vegna eiginlega ekki treyst neinum öðrum fyrir þessu, því allir aðrir voru alltaf nýbyrjaðir!” Þetta hefði þó breyst og nú héldi öflugur kjarni klúbbnum gangandi.

Slappið af, ekki tapa ykkur!

Þorsteinn er straumvatnsmaður að upplagi þó hann hafi einnig sótt sjóinn. Hann hefur ákveðnar kenningar um hvers vegna sumir hrökklast úr sportinu. “Þegar ég var að byrja var ég alltaf að velta bátnum og þurfti að synda á meðan félaga mínum gekk mun betur að halda jafnvægi. Ég held að þetta hafi orðið til þess að ég entist betur. Í straumvatninu þurfa sumir lítið að synda til að byrja með, komast vel af stað og verða

Steini í Brattastraumi - 2005



frakkari og frakkari. Þeir færa sig upp á skaftið, fara í erfiðari ár og þar lenda þeir síðan á sínu fyrsta sundi, við töluvert erfiðar aðstæður. Við það bregður þeim svo mikið að þeir leggja ekki í þetta aftur. Þetta er ein ástæða fyrir því að menn hætta. Það er þess vegna betra að synda nógu mikið þegar maður er að byrja. Í öðru lagi er kjarkstigið hjá mönnum misjafnlega hátt. Þegar þeir koma að hámarkinu og þora ekki að ganga lengra, þá eiga menn kannski erfitt með að játa fyrir sjálfum sér og

num meðfram svuntunni til að hleypa vatni inn í bátinn en ef það var ekki gert sat ræðarinn pikkfastur. Þetta er einmitt það sem gerðist í einni ferðinni, félagi Þorsteins, Ólafur Ólafsson (oftast kenndur við Samskip), velti bátnum og þar sem það hafði fyrirfarist að kenna honum þumalsbragðið sat hann niðfastur. Hvernig sem hann rykkti sér til gat hann ekki losað sig enda tosaði loftið í bátnum í hann. Munaði minnstu að hann druknaði og það var aðeins með gríðarlegum látum og of-

Rúnar Pálmason

félögum sínum að þeir hafi náð sínu hæsta kjarkþrepi. Margir sætta sig ekki við að geta ekki farið sífellt erfiðari leiðir og hætta frekar. Þarna klicka menn á að læra að njóta þess að vera á kayak. Ég og félagar mín í Oldboys höfum lært það. Við gerum út á félagsskapinn, hreyfinguna, skemmtilegheitin og smá æsing. Ef menn átta sig á þessu, slappa af í staðinn fyrir að tapa sér, þá hanga þeir frekar í sportinu.”

4,5 metra straumbátar

Kayakferill Þorsteins teygir sig allt aftur til ársins 1978 og það þarf varla að taka það fram að breytingarnar á kayakíþróttinni hafa verið gríðarlegar á þessum tíma. Fyrsti straumvatnsbáturinn sem Þorsteinn eignaðist var 4,5 metra langur plastbátur, nánast jafnlangur og stystu sjóbátarnir eru í dag. Tveir félagar hans keyptu samskonar báta. Engar svuntur fengust á bátana og því voru þær sérsniðnar úr niðsterkum tjaldduk og gúmmíslanga gengdi hlutverki teygju yfir mannopið. Til að svuntan myndi tolla betur festi Þorsteinn hana við bátinn þannig að hann klæddi sig í kayakinn og í svuntuna um leið. Ef bátnum hvolfdi og ræðarinn varð að losa sig úr þurfti hann að smeygja þumli-

vera úr plasti. “Á þessum tíma voru kayakar ýmist húðkeipar eða úr trefjum. Plast var talið hættulegt, sérstaklega í straum-

Þorsteinn sagði það óvenjulegt að kayakarnir skyldu vatninu því það brotnaði ekki. Ef þú lentir í vandræðum var talið að plastbátur gæti bagnað utan um þig þannig að þú sætir fastur og því þótti betra ef bátarnir brotnuðu. Seinna eignuðumst við trefjabáta sem Neil Shave tók með sér þegar hann hélt námskeiðið 1980 (sjá síðasta tölublað Fréttabréfsins). Þetta þótti ægilega fínt. En þetta þýddi líka að eft-

ir hverja ferð varð maður að taka trefjadolluna upp og gera við götin og sprungurnar. Þessir bátar voru miklu þynnri en sjóbátarnir eru í dag, hafa varla vegið meira en 12 kíló. Trefjabátarnir voru styttri en plastbátarnir eða fjórir metrar. Lengd þeirra, fjórir metrar, helgaðist af alþjóðlegum keppnisstöðlum og á Ólympíuleikunum er enn keppt í svigi á fjögur-



Steini í Norðurá með árina, skellinöðruhjálminn og svuntuna hættulegu - 1979



Steini og Óli í Norðurá - 1978



Tungufljót 1997

Myndir frá Þorsteini Guðmundssyni

ra metra bátum. Svo var það bara fyrir tilviljun sem þetta breyttist. Bátarnir tóku svo mikið pláss að ákveðið var að búa til minni sundlaugarbáta. Síðan asn-aðist einhver til að taka sundlaugarbát með í straumvatn og komst auðvitað strax að því að það var miklu betra að hafa þá styttri. Núna eru bátarnir líka allir úr plasti. Þetta hefur auðvitað breytt miklu. Ég er klár á því að ég hefði farið mikið erfiðari ferðir ef ég hefði verið viss um að báturinn myndi

mál og við komust inn árið 1983. Reyndar var fyrsta keppnin, Ægissíðubíkarinn, ekki haldinn fyrr en 13 árum seinna, árið 1996. Það stóð nefnilega hvergi í lögunum hvað þyrfti að keppa oft,” sagði Þorsteinn. “Helsti kosturinn við að vera í ÍBR er að aðild hefur auðveldað okkur að fá æfingaaðstöðu í sundlaugunum. Þetta kom sér vel árið 1989, þá ætlaði sundlaugarstjórinn að henda okkur út. Þá var gott að geta bent á að við værum í ÍBR og ofan í fórum við. Við hefðum hel-

“Aðrir voru alltaf nýbyrjaðir”

ekki brotna í spón. Þetta var ekki spurning um hvað maður þorði heldur hvað báturinn þoldi. Eins og kom oft í ljós, við brutum til dæmis einn bát í Laxá í Aðaldal og annan í Hvítá í Borgarfirði og sá þriðji leystist upp í öreindir sínar í Brúará.”

13 ára bið eftir keppni

Kayakklúbburinn er í Íþróttabandalagi Reykjavíkur (ÍBR) og þar með í Íþróttasambandi Íslands. Hluti af Lottópeningunum renna því til klúbbsins. Ekki gekk þrautalaust að koma klúbbum inn í ÍBR og að sögn Þorsteins voru ákveðnir aðilar mjög andsnúnir að veita klúbbum aðild. “Margir töldu að við værum eingöngu að sækjast eftir peningum sem fylgja aðild en það var einfaldlega rangt. Klúbburinn er íþróttafélag, ég hef alltaf litið á kayakróður sem íþrótt, þó að útivistarpátturinn vegi enn þyngra. Til þess að komast inn í ÍBR urðum við að breyta lögum klúbbsins því skilyrði fyrir inngöngu var að það væri keppt á kayak. Þetta var lítið

dur aldrei komist ofan í nýju innilaugina nema af því að við erum innan íþróttahreyfingarinnar.” Æfingar í Laugardalslaug hefðu samt sem áður verið feimnismál, bátarnir máttu lengi vel ekki sjást á bakkanum fyrr en hálf tíma eftir lokun því sundlaugarvörðurinn hafði áhyggjur af að heilbrigðiseftirlitið gæti “komist í þetta”.

Svakalegt hneyksli !!

Það er óhætt að segja að Þorsteinn skili góðu búi. Klúbbfélögum fjölga sífellt og félagsstarfið hefur eflst mjög, metfjöldi hefur sótt sundlaugaræfingar og aldrei hafa fleiri tekið þátt í laugardagsróðurinun frá Geldinganesi eins og á liðnum vetri. Eitt hefur Þorsteinn þó trassað og hann veit upp á sig sökina; í þjóðskránni er Kayakklúbburinn skráður sem Kajakklúbburinn. Þetta er enn verra fyrir þá sök að Þorsteinn er ypsílon-hreintrúarmaður fram í fingurgóma. “Ypsílon í kayak er flottara og það skrifað svona meira eða minna um allan heim.





Nátthagafoss í Tungufljóti - 1997

Joðið er frá Dönunum og engin ástæða til að taka þetta upp frá þeim. Þetta er þar að auki eina orðið í íslensku þar sem örlar fyrir ypsilonhljóðið, þessu samblandi af joði og æi," sagði Þorsteinn og játaði að hann hefði fengið hringingar og beinlínis orðið fyrir aðkasti af hálfu íslenskufraðingar sem vilja hafa joð í stað ypsilon. "En ypsilon skal vera í kayak, það

verður ekki aftur snúið með það." Spurður um hver sé ábyrgur fyrir skráningunni sagði Þorsteinn að sennilega hefði einhver prófarkalesarinn hjá Þjóðskránni breytt þessu svona. "En þetta er auðvitað hneyksli og það verður að laga þetta!" Hér með er því lagt til að stofnuð verði nefnd til að breyta formlegu nafni Kayakklúbbsins. Stungið er upp á Þorsteini sem formanni.



Steini á Veiðistað - 2005

Undanfarið hefur mönnum orðið tíðrætt um ný vatnalög sem samþykkt voru á Alþingi 16. mars sl. og hvaða áhrif þau muni hafa á umferðarrétt okkar kayakræðara á ám og vötnum landsins, en lögin taka gildi 1. nóvember 2007.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að við kayakræðarar höfum þurft að glíma við landeigendur víða um land sem reynt hafa að stugga við okkur og talið sig hafa til þess rétt að hamla för okkar um ár og vötn. Veðið verður í hinum og þessum veiðiám

er og bæta skemmdir að fullu eftir mati, nema samkomulag verði. Á þessum tveimur lagareglum höfum við kayakmenn byggt þá sannfæringu okkar að lög tryggi okkur frjálsa för um öll vötn landsins og jafnframt að við megum hafa afnot af vatnsbökkum eins og nauðsynlegt er vegna ferða okkar. Þessi skilningur okkar á framangreindum reglum er þó ekki vafalauss eins og ég mun rökstyðja hér á eftir. Áður en ég sný mér að því er rétt að fara nokkrum orðum um eðli reglna eins og þeirra sem hér um ræðir. Reglur um umferðarrétt um land eða

Hafa ný vatnalög áhrif á rétt kayakræðara til farar um ár og vötn

hafa einnig talið sér skylt að gera athugasemdir við ferðir okkar. Þá hefur borið við að landeigendur hafa talið menn þurfa leyfi þeirra til að ferðast um vötn og ár í landi þeirra. Umræður um þetta hafa orðið nokkrar á „korknum“ og hafa menn einkum haft áhyggjur af því að breytingar á skilgreiningu eignarréttar á vatni muni leiða til aukinna árekstra kayakmanna og landeigenda í framtíðinni. Nánar til tekið að þegar landeigendum hefur verið

Mynd: Snorri Gunnarsson



játaður beinn og óskoraður eignarréttur á öllu vatni sem er á landi þeirra muni þeir forherðast og eflast í andstöðu sinni við umferð kayaka. Í þessari stuttu grein ætla ég að fara yfir þetta mál út frá sjónarhóli lögfræðinnar og vona ég að kayakmenn gefi sér tíma til þess að renna yfir þetta, sér til fróðleiks, þó vissulega sé lögfræði yfirleitt engin skemmtileysing. Ég mun þó leitast við að drepa ykkur ekki úr leiðindum með smásmugulegu tagli.

Reglur gömlu vatnalaganna um almenna umferð um vötn. Um áratuga skeið hafa gilt í landinu vatnalög nr. 15/1923 og fjallar XII. kafli laganna um almenna umferð um vötn.

Í vatnalögunum er orðið vötn notað jöfnum höndum um ár og stöðuvötn og mun ég einnig gera það í greininni. Mörg okkar þekkja vel þær greinar vatnalaganna sem við höfum fram að þessu talið að veiti okkur ótvíræðan rétt til að ferðast um vötn landsins án leyfis eða afskipta landeigenda. Þykir þó rétt að taka þær hér upp samhengisins vegna.

Í 115. gr. vatnalaganna segir í 1. málslíð: Öllum er rétt að fara á bátum og skipum um öll skipgeng vötn.

Þá segir í 2. mgr. 119. gr.: Þeir, sem vötn nota til umferðar eða fleytingar samkvæmt löglegri heimild, hafa rétt til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og þeirra afnota af þeim, sem nauðsynleg eru vegna umferðarinnar um vatnið eða fleytingarinnar, en gera skulu þeir svo lítið tjón á landi og mannvirkjum sem unnt

vatn eru þess eðlis að það er harla ólíklegt að á þær reyni fyrir dómstólum og held ég að ég geti fullyrt að reglur um umferð

um vötn hafi aldrei komið til kasta dómstóla frá árinu 1923 þegar lögin voru sett.

Nú fyrir skömmu lét þó nærri að á þetta reyndi þegar nokkrir kayakræðarar voru kærðir fyrir að vera á bátum sínum á Ölfusá. Taldist för þeirra brot á lögreglusamþykkt Árborgar og var lögð fram kæra. Kayakklúbburinn réði lög-

mann til að gæta hagsmuna þessara félaga okkar og sendi hann bréf til sýslumannsins á Selfossi þar sem því var haldið fram að bann við kayakróðri á Ölfusá stangaðist á við 115. gr. vatnalaganna. Mér er ekki kunnugt um að sýslumaður hafi haldið málinu til streitu og þegar ég vissi síðast ætluðu bæjaryfirvöld í Árborg að „kanna hvort tímabært væri að endurskoða umrædda reglu um bann við bátsferðum á Ölfusá“. Niðurstaðan er sú að þeir kayakræðarar sem urðu þarna fyrir barðinu á þessari reglu lögreglusamþykktarinnar urðu fyrir óþægindum og leiðindum, sem þrátt fyrir bægsлагang yfirvalda leiddu ekki til þess að á umrætt ákvæði væri látið reyna fyrir dómi. Þar af leiðir að engin trygging er fyrir því að næsti kayakræðari lendi ekki í sömu leiðindunum og þessir og spurningunni um umferðarrétt um Ölfusá er ósvarað, en ekki er á vísan að róa með það að bæjarstjórn Árborgar telji það forgangsmál að endurskoða lögreglusamþykkt bæjarfélagsins að þessu leyti.

Þessi aðstaða sem kayakræðarar eru í gagnvart landeigendum, veiðiréttarhöfum og eftir atvikum sveitarfélögum er um margt svipuð og skotveiðimenn voru í gagnvart landeigendum. Um áratuga skeið áttu skotveiðimenn í deilum við landeigendur vegna þess að þeir síðarnefndu vildu banna skotveiðar í landi sínu, en skotveiðimenn töldu þeim það ekki heimilt. Kölluðu landeigendur gjarnan til lögreglu sem stuggaði við veiðimönnum.

Kætur vegna ætlaðra brota veiðimannanna komust hins vegar aldrei fyrir dómstóla og „sofnuðu“ á lögreglustöðvum víðs-vegar um landið. Það breytti hins vegar ekki því að fullkomin réttaróvissa ríkti um þessar heimildir landeigenda um árabíl og ekki fékkst úr henni skorið fyrr en seint og um síðir. Það er mín trú að það sama muni eiga við um heimildir landeigenda til að hamla ferðum kayakmanna um vötn á landi sínu og að seint muni viðkomandi lagareglur fást skýrðar eða túlkaðar fyrir dómstólum. Baráttan mun alltaf verða háð á vatns-

Þá tel ég mikilvægt að reglum um umferðarrétt um vötn hafi verið komið fyrir við hlið annarra reglna um umferðarrétt almennings um landið en þær hefur um nokkurt skeið verið að finna í lögum um náttúruvernd. Með lögfestingu almennra reglna um umferðarrétt almennings í náttúruverndarlögum voru settar á blað reglur sem fram að því höfðu verið óskráðar en almenningur hafði eins og kunnugt er fram að lögfestingu þeirra talið sig hafa rétt til ferðalaga um ógirt land án sérstakrar heimildar landeigenda. Má því segja að með þessari

Halldór Björnsson

bakkanum á milli landeigandans og kayakræðarans, stundum með aðkomu lögreglunnar. Þegar svo háttar til er mikilvægt að lagareglan, sem kayakræðarinn styðst við sé einföld og skýr og gefi ekki færi á útúrsmúningum. Þær reglur núgildandi vatnalaga, sem raktar voru hér að framan, fullnægja tæplega þessum áskilnaði um skýrleika, eins og ég mun nú víkja að.

Eins og áður sagði kemur fram í 115. gr. vatnalaganna að öllum sé frjálfs för á skipum og bátum um „skipgeng vötn“. Reglan kveður sem sagt ekki á um umferðarrétt um öll vötn heldur aðeins skipgeng vötn. Túlkunarvandkvæðin blasa við. Hvaða vötn á Íslandi geta talist skipgeng. Tekið er fram í lagagreininni að þessi frjálsa för sé heimil „bátum og skipum“. Unnt er að túlka greinina þannig að til þess að fara meggi með bát um vatn án leyfis landeigenda þurfi vatnið að vera skipgengt. Hversu djúpt þarf vatnið að vera til að teljast skipgengt? Hversu stórt þarf fleyið að vera til að hætta að teljast bátur og verða skip? Getur einhver haldið því fram kinnroðalaust að t.d. Tungufljótið sé skipgengt vatn? Þegar lesin er greinargerð með frumvarpi því sem varð að vatnalögum nr. 15/1923 kemur í ljós að höfundar laganna gerðu þennan greinarmun á vötnum og töldu að ef til vill væru litlar líkur á því að mörg vötn yrðu gerð skipgeng á Íslandi, en eins og um margt annað var vatnalögunum frá 1923 ætlað að taka á málum til framtíðar og höfðu þess vegna að geyma ákvæði um hugsanlega skipaskurði sem flutningsleiðir. Það sem hér skiptir máli er að þegar grannt er skoðað getur verið erfitt að styðja þann rétt sem við kayakræðarar teljum okkur hafa til umferðar um allar ár og öll vötn við þessa lagagrein. Mikilvægt er þó að hafa í huga að með þessu er ég ekki að segja að við kayakræðarar höfum ekki þennan rétt, en þá byggist hann á óskráðum reglum um hefðbundinn rétt almennings til frjálsrar farar um landið, með líkum hætti og göngufólk hefur almennt ekki talið sig þurfa leyfi landeigenda til gönguferða um ógirt land. Ný regla um umferðarrétt almennings um vötn verður framvegis í náttúruverndarlögum.

Í nýjum vatnalögum er ekki gert ráð fyrir reglum um umferðarrétt um ár og vötn. Hins vegar er í 43. gr. laganna kveðið á um breytingu á 18. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þannig að hún hljóði framvegis: Almennings er heimil för um vötn með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum þessum og eftir atvikum öðrum lögum.

Sú breyting sem í þessu felst er einkum sú að eftir gildistöku vatnalaganna nýju mun staðfestur ótvíræður réttur almennings til frjálsrar farar um öll vötn landsins og gefur greinin ekkert færi til túlkunar um þetta atriði. Þá er og kveðið á um það að takmarkanir á þessum rétti þurfi að eiga sér stað með lögum.

breytingu hafi reglum um umferðarrétt almennings um land í eigu annarra öllum verið skipað á sama stað í löggjöfinni og réttarstaða kayakræðara því orðið skýrari og það sem mestu skiptir réttur þeirra ákvarðaður með afdráttarlausum hætti.

Til að draga saman niðurstöðu úr þessu greinarkorni mínu þá er það mitt mat að með setningu nýrra vatnalaga hafi réttarstaða kayakræðara batnað til muna. Réttur þeirra er gerður afdráttarlaus og nær til allra vatna. Takmarkanir á þessum rétti má aðeins framkvæma með lögum.

Framvegis sem hingað til verður að ætlast til að kayakræðarar, eins og aðrir sem um landið fara, sýni landeigendum réttmæta tillitsemi og raski ekki að óþörfu réttmætum hagsmunum þeirra. Landeigendur eiga t. d. rétt á friðhaldi heimilis síns, eins og aðrir landsmenn. Þá er rétt að hafa í huga að það eru hagsmunir okkar kayakræðara að stuðla að sem mestum friði við þá sem við hittum á ám og vötnum og eru þar í öðrum erindagjörðum en við, t.d. veiðimenn. Sýnum þeim tillitssemi án þess að láta þá vaða yfir okkur. Veiðimenn eiga ekki ríkari rétt en við á ám og vötnum, en við ættum ekki að hafa frumkvæði að árekstrum og ættum að temja okkur að sýna þeirra áhugamáli skilning.

Í framhaldi af þessu vil ég skjóta því inn í að réttur til umferðar um vötn felur ekki í sér rétt til veiða og hefur landeigandi fullan ráðstöfunarrétt á veiði í vötnum í landi sínu og varðar það refsingu samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 ef útaf er brugðið. Hafi menn ekki aflað sér veiðileyfis er vandræðaminnst að vera ekki með veiðistöng eða annað veiðitæki meðferðis.

Að lokum vil ég aðeins taka fram að ný skilgreining vatnalaganna á eignarrétti landeigenda á vatni, breytir að mínu viti nákvæmlega engu um þá réttarbot sem ég tel að felist í lögunum fyrir kayakræðara. Okkur hefur verið tryggður með lögum afdráttarlaus umferðarréttur um allar ár og vötn og getum því látið okkur í léttu rúmi liggja hvernig eignarhaldi á þessum vötnum er háttað. Hvað framtíðin ber í skauti sér er erfitt að segja en hættan á að gengið verði á þennan rétt okkar hefur ekki aukist með hinum nýju lögum. Ef til greina kemur að skerða þennan umferðarrétt í framtíðinni verður það aðeins gert með lagabreytingu og þá í samhengi við skerðingu á umferðarrétti alls almennings um landið. Slík breyting færi ekki hljóðalaust í gegn um þingið. Þannig að: Til hamingju kayakræðarar með hina nýju reglu í 18. gr. náttúruverndarlaganna. Takið með ykkur eintak af lögunum þegar þið farið að róa og sýnið landeiganda ef hann hyggst vísa ykkur frá.

Kayakklúbburinn Kaj var formlega stofnaður árið 1993. Í upphafi var klúbburinn einungis starfræktur á Norðfirði, en nú eru félagar klúbbsins dreifðir um allt Austurland, enda er fjöldi fólks sem stundar kayaróður í landsfjórðungnum.

Formaður klúbbsins er Pjetur St. Arason. Á heimasíðu klúbbsins má fræðast meira um starfsemina: www.123.is/kaj

fyrir sportinu. Einnig taka félagar Kayakklúbbsins Kaj að sér að leigja báta með leiðsögn og á klúbburinn á nokkra báta sem notaðir hafa verið til þeirrar starfsemi.

Farið er í skipulagða félagsróðra og eru þeir í sumar á þriðjudagskvöldum kl. 20. Ekki er nauðsynlegt að eiga bát til að vera meðlimur í klúbbum og auðvelt fyrir áhugasama að koma og fá að prófa.

Nú í júní kemur Jeff Allen frá Bretlandi í heimsókn, en hann er

Kajakklúbburinn KAJ Norðfirði



Má segja að miðstöð sjókayakræðara á Austurlandi sé í sjóhúsunum í sandfjörrunni neðan við kirkjuna á Norðfirði. Þar er búningaðstaða, hægt að hita kaffi, þvottaaðstaða fyrir báta og búnað og geymsluaðstaða fyrir um 20 báta. Innan tíðar verður svo vonandi kominn sturtuaðstaða og er ætlunin að koma upp flotbryggju.

STARFSEMI

Kayakklúbburinn stendur fyrir ýmsum uppákomum svo sem námskeiðahaldi

og reglulegum sundlaugaræfingum. Á þeim æfingunum er veltan kennd, farið yfir almenn öryggisatriði og nýliðar kynntir

ræðari á heimsmælikvarða og mun hann halda námskeið fyrir kayakræðara og vera með myndasýningu um ferðir sínar.



Mikilvægt er að fólk sem stundar kayakróður eða hefur áhuga á að kynnst sportinukynniséröryggismálin vel og sé helst ekki að róa færri en 3 í hóp. Nauðsynlegt er að vera í góðum tengslum við annað fólk sem er að stunda sportið, sækja námskeið og æfa félagabjörgun.

Áhugasamir eru hér með hvattir til að hafa samband, ganga í klúbbin og koma með að róa.



Undanfarin fjögur ár hafa verið farnar svokallaðar raðróðrarferðir með það að markmiði að róa hluta af strandlengjunni umhverfis Ísland. Ræðarar hittast víðsvegar að af landinu í um 5 daga og róa og njóta góðs félagsskapar í stórbrotinni náttúru Íslands.

Það er Kayakklúbburinn KAJ sem skipulagt hefur þessar ferðir í samvinnu við Kayakklúbbinn í Reykjavík. Að meðaltali hafa

róið annað hvort í Hornvík eða í Fljótavík. Gert er ráð fyrir ferðin taki fjóra daga en að róðri loknum ferjar bátur okkur til Ísafjarðar og er stefnt á að allir geti endað þar á siglingadögum.

Ef veðrið bregst á Ströndum eru Jökulfirðirnir til vara. Ferðirnar eru öllum kayakræðurum opnar, en bent er á að ferðin er einungis fyrir vana ræðara.

Strandlengja Íslands róin í pörtum



um 15 ræðarar verið með í för.

Rónir eru um 20-30 km á dag og er á undanförnum fjórum árum búið að róa frá Bakkafríði til Djúpavogs á Austfjörðum. Meðfylgjandi myndir eru úr ferðinni frá því í fyrra, en þá var róið frá Bakkafríði til Héraðsflóa. Ekki var spáin spennandi, lagt af stað í mígandi rigningu en úr rættist þegar leið á ferðina. En skemmtilegur félagsskapur krefjandi brimlendingar og frábært róðarsvæði gerðu ferðina að einstakri upplifun. Í sumar er fyrirhugað að fara á Strandirnar. Áætlað er að leggja af stað þann 9. júlí frá Djúpuvík eða Ingólfsfirði þaðan verður

Ferðin verður auglýst betur á www.123.is/kaj þegar nær dregur. Umsjón og skráning: Ari Benediktsson s. 863-9939, ari@honnun.is



Myndir: Ari Benediktsson, Pálmi Benediktsson og Haraldur Njálsson

Næturróður á kayak er rósín sem sprakk út hjá félagsmönnum í Kayakklúbbum veturinn 2005-2006. Þessi nýjung í félagsstarfinu var til merkis um að hinn vikulegi félagsróður á laugardögum væri ekki fullnægjandi fyrir róðrarglaða klúbbfélaga og því jókst næturróðurinn eftir því sem leið á veturinn með því að ræðarar sjösettu báta sína að kvöldi dags og hnusuðu út í myrkrið.

róðrarleið og allrabest er auðvitað að kynnast henni í dagsbirtu. Þar koma til þættir á borð við grynningar, brot, vindálag miðað við vindátt hverju sinni, sjávarföll o.s.frv. Betra er þá heima setið en af stað farið er veðrið er hryssingslegt, frekjulegur vindur og ein andskotans bræla. Og að sjálfsögðu er einna skemmtilegast að róa út á fullu tungli.

Ljósabúnaður er eitt af stóru atriðunum við næturróðurinn en samt er það svo að notagildi ljósanna eykst ekki í takt við

Næturróður - rósín sem sprakk út Örlygur S. Sigurjónsson

Næturróðrarnir á liðnum vetri urðu líklega hátt á annan tuginn og gekk einatt á ýmsu hjá mönnum í þessu næturgöltri, þótt ekki hefði skapast beinlínis hætta. En þessir róðrar voru samt eftirminnilegir. Ýmist lentu menn í of þungri öldu sbr. frækna ferð Haraldar Njálssonar og Guðmundar Breiðdal upp á Kjalarnes í desember, eða stórskip voru nálægt því að sigla menn í kaf úti fyrir Fjósaklettum við Gufunes með tilheyrandi uppnámi hlutaðeigandi, eða þá að menn lentu í hafís hér og hvar undan Leirvogi og Þerneyjarsundi, allt til Lundeyjar.

Það lítur út fyrir að menn hafi verið nokkuð samviskusamir með að skrifa stuttar næturróðrarskýrslur á vef klúbbsins og spunnust jafnan umræður um þær í hvert sinn. Voru þær bæði gagnlegar auk þess sem hafa mátti nokkurt gaman af þeim. Það er önnur saga.

En þá að hagnýtum atriðum viðvíkjandi næturróðri. Ætli menn sér í næturróður eða (síðdegisróður í myrkri í skammdeginu) þarf að uppfylla nokkur sjálfsögð skilyrði sem ég held að séu ómótælanleg. Þetta er í fyrsta lagi lágmarkskunnátta í róðri að degi til, í öðru lagi að fara ekki á sjó einn síns liðs, í þriðja lagi að hafa öryggisbúnað á borð við blys, síma í vatnspéttu hulstri, dráttarlínu, GPS tæki og kort. Þá er ónefndur búnaður á borð við flotvesti, sjógalla en þann grundvallarbúnað varla þarf að nefna. Nauðsynlegt er að kunna skil á fyrirhugaðri

stærð þeirra og kraft. Ljósín eiga að gegna því hlutverki fyrst og fremst að gera öðrum kleift að sjá mann í myrkrinu en notist ekki sem leiðarljós eins og billjós. Best er að hafa ljós sín á vesti eða bát og miða við þá þumalfingursreglu að ræðarinn eigi ekki að geta séð sín eigin ljós. Þau þau spilla nætursjóninni og eru truflandi fyrir ræðarann. Þess vegna er best að festa vestisljósín á hlið eða bak og bátaljósið aftur í skut. Þessi ljós mega heldur ekki vera of skær fyrir augu róðrarfélaganna. Hæfilegt er að hver ræðari sé með um tvö ljós en allt umfram það ætti að vera óþarfi nema sterkt höfuðljós sem eingöngu er notað við landtöku og við sérstaka skimun ef þörf er á. Það er hins vegar nokkur vandi á ferð þegar kemur að því að búa sig þessum ljósum sem þurfa að vera vatnsheld og notendavæn fyrir ræðara. Þessir hlutir fást í mjög takmörkuðu úrvali og flestir hafa keypt ljós sín erlendis. Vatnsheld ljós sem slík eru vissulega til í sportbúðum en þau henta illa vegna of mikils styrkleika. Það gæti orðið spennandi að sjá hvort sportbúðir taki við sér og kasti neti í þessa nýgengnu torfu á miðum kayak-sportsins og panti svo sem eina sendingu af kayakljósum á samkeppnishæfu verði miðað við netverslanir. Það væri mikil áskorun fyrir kaupmenn. Í millitíðinni munu menn halda áfram að þefa uppi netverslanir og bjarga sér sjálfir. Af nógu er að taka.

Mynd frá Rúnari Pálmasyni



Fyrsta ferð í Grímsá í Lundareykjardal vorið 2005



Við gengum all langt inn með ánni, en komumst að því þegar við vorum búnir að róa að það við hefðum átt að labba mun lengra.



Elli og Viktor skoða fyrsta fossinn sem við komum að. Við ákváðum að ekki væri nægilega mikið vatn í honum til að hægt væri að róa hann auðveldlega.



Jón Skírnir í fyrstu flúðinni, sem við rérum í Grímsánni.



Viktor fór vinsti leiðina niður fyrstu flúðina í Grímsánni.



Viktor fer fyrstur niður næst síðasta fossinn í Grímsánni.



Viktor fann sér klett til að stökkva fram af í Grímsánni.



Mynd: Jón Skírnir Ágústsson



Mynd: Ari Benediktsson



Mynd: Jón Skírnir Ágústsson



Mynd: Ari Benediktsson



Mynd: Jón Skírnir Ágústsson



Mynd: Ari Benediktsson



Mynd: Jón Skírnir Ágústsson



Mynd: Ari Benediktsson

Námskeið - "Incident management" með Jeff Allen

Jeff Allen er kayaksnillingur frá Bretlandi sem er búinn að afreka ýmislegt. Hann hefur meðal annars róið hringinn í kringum Japan og nýverið fór hann í leiðangur til Suðurheimsskautsins og hringaði þar eyjuna Suður Georgíu.

Jeff kennir námskeið sem ber heitið Incident management sem gæti útlagst sem "viðbrögð við óhöppum" en þar lærir fólk að takast á við þær ýmsu aðstæður sem komið geta upp í kayak róðri og þá helst ef um hóp er að ræða.

Námskeiðið er á vegum Seakayak-Iceland sem að Þorsteinn Sigurlaugsson er í forsvari fyrir og verður það haldið á þriðju-deginum eftir Eirík Rauða.

Það er um að gera fyrir íslenskt kayakfólk að nýta sér reynslu þessa kayakmanns, Jeff Allen verður einnig með fjögurra stjórnun BCU námskeið á Eiríki Rauða. Ekki hefur verið ákveðin endanleg staðsetning en hún kemur til með að fara eftir því hvað hentar nemendum (upp á að ekki fari allur dagurinn í akstur) og svo sjólagi. Þarf að vera smá hreyfing til að námskeiðið virki rétt. Verð fyrir Incident management námskeiðið er 12,000 krónur.

Nánari upplýsingar er að finna á vef kayaklúbbsins og vef Seakayak-Iceland www.seakayakiceland.com



Námskeið - Kayak og köfun í Reykjanesi

Kayak- og köfunarnámskeið verða haldin í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi, dagana 19.-21.maí næstkomandi. Kennarar á kayaknámskeiðinu verða þeir Halldór Sveinbjörnsson, kayakkenari og margfaldur Íslandsmeistari í íþróttinni, og Pétur Blöndal Gíslason, kayakkenari til margra ára, en köfunarkennari er Haraldur Tryggvason.

Margra ára hefð er fyrir þessum námskeiðum í Reykjanesi og segir hefðin að nær undantekningalaust sé stórkostlegt veður þessa daga sem námskeiðið stendur yfir. Enn eru nokkur sæti laus á námskeiðunum. Þeim sem hafa áhuga á köfuninni er bent á að hafa samband



við Harald í síma 864-7327 eða í netfangið hallit@simnet.is. Þeir sem vilja læra á kayak er bent á netfangið petur@hvammsvik.is, eða símanúmerin 893-1791 (Pétur) eða 894-6125 (Halldór).

Námskeið - WRT - "White Water Rescue Technician"

James vinur okkar er á leiðinni til Íslands að kenna white water rescue technician. Þetta er dúndur gott námskeið þar sem farið er í hvernig maður ber sig að við að bjarga sér og öðrum úr straumvatni, allt frá léttu sundi yfir í mega flókin skáta línu og karabínu kerfi til að losa pinnaða rafta og kayak. Þetta er alþjóðlega viðurkennd gráða og er heimasíða námskeiðsins á slóðinni <http://www.rescue3.com/courses-wrt.html>.

Námskeiðið er haldið í viku 24, 11-17 júní, ég er ekki með nákvæma dagsetningu eins og er. Tekur 2-3 fulla daga og kostar 1800 SEK, skv gengi dagsins í dag er það í kringum c.a. 17.250,21 ISK. Námskeiðið verður líklega haldið á Drumboddsstöðum og í Tungufljóti og/eða Hvítá. En það kemur allt í ljós síðar. Þeir sem hafa áhuga látið endilega heyra í ykkur, ég mæti og hvet alla nýja sem gamla til að skoða þetta rækilega og smella sér svo Jón Skírniir Ágústsson





Mynd: Snorri Gunnarsson

www.kayakklubburinn.is



Mynd: Magnús Hallgrímsson